# AUGLÝSING

## um deiliskipulag Dyrhólaeyjar, Mýrdalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Mýrdalshrepps þann 18. maí 2000 samþykkt deiliskipulag Dyrhólaeyjar í Mýrdalshreppi.

Deiliskipulagið tekur til 510 ha svæðis sem friðlýst er skv. náttúruverndarlögum að undanskildum Mávadrangi og Lundadrangi. Friðlýsingin var staðfest 2. febrúar 1973.

Greinargerð og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Vík, 26. janúar 2001.*

F.h. sveitarstjórnar,

**Sveinn Pálsson** skipulags- og byggingarfulltrúi.

30. janúar 2001 Nr. 94

# AUGLÝSING

## um breytingu á deiliskipulagi Áslands 2. áfanga, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 5. desember 2000 breytingu á deiliskipulagi Áslands 2. áfanga, hvað varðar gr. 2.3. og 3.5. í skipulagsskilmálum fyrir Þrastarás 53 - 57, 59 - 61 og 65 - 69.

Breytingin var í grenndarkynningu 13. desember 2000 - 12. janúar 2001, samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstaka aðilar verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 30. janúar 2001.*

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

**Hafdís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.

22. janúar 2001 Nr. 95

# REGLUGERÐ

## um fyrstu (1.) breytingu á reglugerð um lyfjaauglýsingar nr. 328/1995.

1. gr.

6. gr., 1. mgr. orðist svo:

Auglýsa má og kynna lyf, sem heimilt er að selja í lausasölu fyrir almenningi, sbr. þó 4. gr.

2. gr.

6. gr., við bætist ný málsgrein, 4. mgr.:

Ráðuneytið getur, að fenginni umsögn Lyfjastofnunar og sóttvarnalækis, heimilað auglýsingar lyfjaframleiðenda um bólusetningaraðgerðir, sem yfirvöld hafa samþykkt, sbr. 14. gr.